

Nd.

321. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

14. grein skal orða svo:

Berklaveikur sjúklingur getur fengið ókeypis vist í heilshælum, sjúkra-

húsum eða sumarhælum barna, ef hann eða sá, sem framfærsluskyldan hvílir á, er svo efnúmer búinn, að ætla má, að hann mundi liða mikið tjón á efnahag sínum eða jafnvel verða óreiði, ætli hann að standa straum af kostnaði þeim, er af slíkri vist leiðir. Til þessa kostnaðar telst einnig lyf og læknishjálpar.

Nú getur sjúklingur ekki fengið vist í sjúkrahúsi eða hæli, en er komið fyrir á öðru heimili samkvæmt fyrirmælum 10. eða 13. greinar, og getur hann þá fengið ókeypis vist, sje efnahag hans varið sem að ofan greinir. Sömu reglum skal fylgt um meðgjöf barna, ef þau eru tekin heilbrigð að heiman samkvæmt fyrirmælum 13. greinar.

Stjórnarráðið getur ákveðið, að berklasjúklingar í hressingarhælum fái ókeypis vist þar. Það getur og eftir ástæðum ákveðið, að ljóslækninga-sjúklingar og aðrir berklasjúklingar, er dvelja utan sjúkrahúss, njóti sömu hlunninda að því er lækningakostnaðinn snertir.

Allur sá kostnaður, er hjer er greindur, greiðist úr ríkissjóði, en sjer hvert sýslufjelag og bæjarfjelag greiði upp í hann gjald til ríkissjóðs, er nemi 2 krónum fyrir hvern heimilisfastan mann í lögsagnarumdæminu. Ennfremur greiði sjúkrasamlag fyrir meðlimi sína áskilið gjald, sbr. 2. gr. Eindagi gjalds-ins er 15. ágúst ár hvert.

Stjórnarráðið getur ákveðið hámark daggjalds sjúklinga þeirra, er að framan greinir, ef ástæða þykir til. Það getur og sett reglur um sundurliðun þeirra reikninga, er ríkissjóður greiðir.

Það er skilyrði fyrir því, að berklaveikir sjúklingar geti orðið aðnjótandi styrks úr ríkissjóði, að hreppsnefnd eða bæjarstjórn dvalarsveitar sjúklingsins sendi stjórnarráðinu skýrslu um efnahag hans. Skal hjeraðslæknir staðfesta skýrslu þessa eftir bestu vitund og jafnframt votta, að vist utan heimilis sje nauðsynleg. Nú á sjúklingur ekki lögheimili hjer á landi, og skal þá efnahagsskýrsla hans gefin út af hreppsnefnd eða bæjarstjórn þeirrar sveitar, sem hann dvelur í, þegar hann verður styrksþurfi.

Úrskurðar stjórnarráðið síðan eftir þessum gögnum, hvort sjúklingurinn sje styrkhæfur og að hve miklu leyti.

2. gr.

15. grein orðist svo:

Nú er sjúklingur fjelagi í sjúkrasamlagi, er nýtur styrks úr ríkissjóði samkvæmt lögum nr. 39, 11. júlí 1911, um sjúkrasamlög, og skal þá samlagið greiða upp í meðlagskostnaðinn $\frac{2}{3}$ hluta hans, þó ekki yfir 2 kr. á dag meðan meðlagstíminn varir, og ekki lengur en sjúklingur hefir rjett til styrks samkvæmt lögum fjelagsins, enda láti samlagið berklaveika sjúklinga njóta sömu rjettinda og aðra sjúklinga.

Ákvæði þessarar greinar taka þó ekki til þess, ef um kostnað af ráðstöfun samkvæmt 10. eða 13. gr. er að ræða.

3. gr.

Lög nr. 44, 20. júní 1923, um breyting á lögum nr. 43, 27. júní 1921, um varnir gegn berklaveiki, eru úr gildi numin.

4. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1928.

Þá er lög þessi hafa öðlast staðfesting konungs, skal fella þau inn í texta laga nr. 43, 27. júní 1921, og gefa þau út svo breytt.